

Landsmót skáta 2016

Tjaldbúðir


Mótssvæðinu hefur verið skipt fjórar heimsálfur. Miðbærinn verður Evrópa, svefnþorp þátttakenda Afríka og Asía og fjölskyldubúðir verða Ameríka.

Göngustígar á svæðinu verða nefndir eftir heimshöfunum. Nöfnin tengjast beint þema mótsins Leiðangurinn mikli.

Valdagskrá

Skráning er í fullum gangi í valdagskrá Landsmóts skáta 2016. Mótsstjórn vill hvetja alla skátaflokk til að skila inn vali sínu sem fyrst, lokað verður fyrir skráningu 15 maí. Eftir það verður skátaflokkum raðað á pósta.

Hægt er að skrá skátaflokk í valdagskrá inn á www.skatomot.is undir dagskrá.



Þema í tjaldbúð

Mótsstjórn vill hvetja skátafélög til að skreyta sínar tjaldbúðir í takt við þema hvers svefnþorps. Gefið hugmyndafluginu lausan tauminn og búum til í sameiningu frábært mótssvæði.

Eldhústjöld og búnaður

Mikilvægt er að eldhústjöldin séu hreinleg og líti vel út. Kröfur opinbera aðila hafa aukist verulega á síðustu árum og mikilvægt að félögin geri allt sem hægt er til að tryggja hreinlega aðstöðu.




Tjaldið sjálft.

Mörg skátafélög eru með rúmgóð eldhústjöld, þar sem bæði eldamennskan fer fram og skátarnir matast inni í. Eldhúsið er í endanum fjær innganginum og mötuneytið í þeim hluta tjaldsins sem nær er aðalinngangi tjaldsins. Passa þarf að tjaldið sé vel hælað niður, jafnvel þó um álgrindartjald sé að ræða. Hælarnir sem fylgt hafa tjaldinu geta verið of veigalitlir fyrir okkar veðurfar og því skynsamlegt að láta útbúa nokkra veigameiri hæla. (Vinkiljárn 60-80 cm löng með spíss í neðri enda og flatrí plötu að ofan sem varið er á og heldur stöginu niðri).

Gólfið

Á skátamóti sem stendur eins lengi og Landsmót skáta, er nauðsynlegt að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir sem draga úr því að tjaldgólfið verði að forarsvaði. Við

innganginn er gott að hafa grófan bursta í bandi sem skátarnir nota til að bursta af skófátnaði sínum áður en farið er inn. Fyrir framan innganginn um það bil meter fyrir innan er gott að setja þykka gúmmímottu (með götum þannig að grasið andi í gegn). Undir eldhúsinu er nauðsynlegt að hafa gólfplötur (til dæmis krossviðsplötur negldar á pallettur eða einfalda timbur grind). Gólfið stendur undir eldhústækjum og vinnuborði, þeir sem vinna við eldamennskuna standa einnig á gólfinu. Gott er að hafa með sér kubba til að rétta og jafna við undirlagið.



Innréttingar

Eldhústjöldin eru mismunandi að stærð og lögun, þannig að erfitt er að gefa lýsingu á innréttingum í eldhústjöld. Fyrsta lögmálið er nýting á plássi, þannig að rúmt sé fyrir alla og þá starfsemi sem þarf að fara fram í tjaldinu. Það þarf að huga að uppsetningunni áður en á mótsvæðið er komið.

Hvernig eru borðin sem matast á við? Til að nýta plássið sem best er gott að matarborðin séu ekki breiðari en þörf krefur. Matardiskar eru yfirleitt ekki stærri að þvermáli en 26-27 cm. Maturinn er yfirleitt á öðru borði og því þarf ekki að gera ráð fyrir meðlæti á matarborðinu. Matarborðin þurfa þess vegna ekki að vera meira en 60-70 cm breitt og það langt að 5 manns geti setið við það sitt hvoru megin (2,2 m langt). Bekkir nýtast betur en stólar, þeir eru settir sitt hvoru megin við borðið. Passa þarf fæturna á borðum og bekkjum svo að þær sigi ekki niður í grasið. Hægt er að festa nettar plötur neðan á fæturnar til að varna sigi. Einnig þarf vinnuborð til að vinna við matargerðina og borð til að bera matinn fram á. Hillur fyrir matarforðann, en matinn er ekki hægt að láta standa í kössum á gólfinu.

Gott er að hafa frauðplastkassa eða stór kælibox til að geyma kælivörur, til dæmis fyrir mjólkurvörur og álegg. Það þarf að hafa vatn í eldhústjaldinu, mörg skátafélög hafa orðið sér úti um stóra vatnsbrúsa. Gott er að hafa 10-50 lítra brúsa sem eru með krana á til aftöppunar til matar-gerðar, drykkjar og þrifa.

Nauðsynlegt er að vatnsbrúsinn sé hafður uppá borði eða sérstökum standi. Nauðsynlegt er að undir krananum sé ílát sem taki við því vatni sem fer til spillis. Allt skolvatn er losað reglulega í þar til gert affall sem mótsstjórn vísar á.

an ins



trumen